



Akureyrarbær

Aðgerðaáætlun fyrir eldra fólk á Akureyri 2021 – 2022

Formáli

Fyrsti hluti aðgerðaáætlunar í málefnum eldri borgara á Akureyri er sett fram til eins árs eða út árið 2022. Fyrsti hluti er fyrst og fremst með áherslu á *heilsueflingu, félagsstarf og upplýsingagjöf*.

Þar eru sett fram 13 mælanleg markmið. Undir hverju markmiði eru skilgreindar aðgerðir sem eiga að stuðla að því að ná markmiðunum. Við hverja aðgerð er tilgreindur ábyrgðaraðili, kostnaður og á hvaða tímabili aðgerðin á að koma til framkvæmda. Bæjarstjórn Akureyrar ber yfirábyrgð á innleiðingu stefnunnar, árangursmati samkvæmt mælikvörðum og endurskoðun hennar.

8. júní 2020 samþykkti öldungaráð Akureyrarbæjar eftirfarandi bókun:

„Aðgerðaáætlun í málefnum eldri borgara - Málsnúmer 2020010595

Lögð fram til kynningar ályktun ásamt greinargerð frá aðalfundi félags eldri borgara sem haldinn var þriðjudaginn 2. júní sl.

Óskað er eftir því að vinna við gerð heildstæðrar aðgerðaáætlunar um málefni eldri borgara hefjist sem fyrst.“

Á fundi bæjarráðs Akureyrar þann 4. febrúar 2021 var eftirfarandi bókun samþykkt:

“Meirihluti bæjarráðs óskar eftir því við frístunda- og velferðarráð að mynda samráðshóp um aðgerðaáætlun í málefnum eldri borgara í samræmi við velferðar- og íþróttastefnu Akureyrarbæjar. Meirihluti bæjarráðs leggur til að horft verði sérstaklega til nýútkominnar skýrslu um heilsueflingu aldraðra. Meirihluti bæjarráðs leggur áherslu á að málið verði unnið eins hratt og auðið er.”

Skipan hópsins:

- Fulltrúi velferðarráðs: Heimir Haraldsson
- Fulltrúi velferðarsviðs: Bergdís Ösp Bjarkadóttir
- Fulltrúi frístundaráðs: Eva Hrund Einarsdóttir
- Fulltrúi samfélagssviðs: Bjarki Ármann Oddsson
- Fulltrúi öldungaráðs: Sigríður Stefánsdóttir

Samráðshópurinn skal huga vel að því að eiga gott samráð við öldungaráð og félag eldri borgara á Akureyri (EBAK). Einnig við þá starfsmenn Akureyrarbæjar sem vinna að málefnum eldri borgara. Markmið: Að útbúa aðgerðaáætlun í málefnum eldri borgara sem tekur á heildstæðri þjónustu Akureyrarbæjar við hópinn.

Aðgerðir skulu settar upp með sambærilegu sniði og aðgerðaáætlun velferðarstefnu;

- Hvernig:
- Hvenær:
- Mælikvarði:
- Ábyrgðaraðilar:
- Kostnaðarmat:

Aðgerðir skulu taka til eftirfarandi þátta:

- Framboð af tómsundum / félagsstarf
- Framboð af heilsueflandi þáttum
- Framboð af fræðslutengdu efni er snýr að forvarnartengdum atriðum (fyrirbyggjandi aðgerðir)
- Með hvaða hætti samráð stofnana Akureyrarbæjar og eldri borgara verði háttað
- Verðlagningu þjónustu
- Húsnæðismála
- Heimaþjónustu

Þar sem umfang aðgerðaáætlunarinnar var talið það mikið að ekki var tími til að ráðast í heildstæða stefnu í málefnum eldri borgara og þá sérstaklega húsnæðismála og málefnum heimaþjónustu er hér einungis um fyrsta hluta aðgerðaáætlunarinnar að ræða. Fyrsti hluti nær fyrst og fremst til heilsueflingar, félagsstarfs og upplýsingagjafar en að öðru leyti telur aðgerðaáætlunin mið af óskum bæjarstjórnar Akureyrar.

Hópurinn fundaði samtals sjö sinnum auk nokkurra smærri vinnufunda. Var lögð áhersla á að vinnan innan hópsins færi fram með samstarfi við hagsmunaaðila. Auk þess leitaði hópurinn ráða hjá Ingibjörgu Ólöfu Isaksen og Halldóri Sigurði Guðmundssyni til að nýta þeirra þekkingu á sviðinu. Aðgerðaáætlunin er sett fram til eins árs eða út árið 2022 þannig að bæjarstjórn Akureyrar geti haft hana til hliðsjónar við fjárhagsáætlun ársins 2022. Nokkrar aðgerðir eru þegar komnar til framkvæmda við birtingu áætlunarinnar (október 2020) en aðrar fjárfrekari munu koma til aðgerða eftir því sem bæjarstjórn samþykkir.

Aðgerðaáætlun fyrir eldra fólk á Akureyri 2021 – 2022

1. hluti, heilsuefling, félagsstarf og upplýsingagjöf

Hvað: Akureyrarbær kanni möguleikana á að verða aldursvænt samfélag.

Hvernig: Undirbúningur verði hafinn á að Akureyrarbær sækji um að verða aldursvænt samfélag.

Hvenær: Frá og með haustinu 2021

Mælikvarði: Könnun verði lokið vorið 2022

Ábyrgðaraðilar: Sviðsstjóri velferðarsviðs/sviðsstjóri fræðslu-og lýðheilsusviðs

Samstarfsaðilar: Aðrir sviðsstjórar, EBAK og öldungaráð

Kostnaður: Enginn fyrirsjáanlegur kostnaður.

Hvað: Félagsmiðstöðvar fólksins verði heilsueflandi félagsmiðstöðvar.

Hvernig: Félagsmiðstöðvar fólksins bjóði upp á fjölbreytta heilsutengda afþreyingu með virkri þátttöku notenda allt árið um kring og standi reglulega fyrir fræðslufyrirlestrum um heilsu og mataræði í samstarfi við fræðslunefnd *Félags eldri borgara á Akureyri*.

Hvenær: Frá og með haustinu 2021

Mælikvarði: Fjöldi þátttakenda

Ábyrgðaraðilar: Forstöðumaður tómsundamála

Samstarfsaðilar: EBAK

Kostnaðarmat: 2.000.000

Hvað: „Virk efri ár“.

Hvernig: Farið verði í samstarf við Íþróttafélög á Akureyri í anda „Virgni og vellíðan“ í Kópavogi og kannað verði með samstarf við Heilsugæsluna á Akureyri og Háskólann á Akureyri. Verkefninu er ætlað að auka stuðning við Íþróttastarf eldra fólks og fjölga í hópi eldra fólks sem stundar heilsurækt við hæfi. Yrði það gert með því að auka framboð námskeiða fyrir eldra fólk í samstarfi við Íþróttafélög bæjarins sem og að niðurgreiða þátttöku eldra fólks að þeim.

Hvenær: Undirbúningsvinna hæfist frá og með haustinu 2021

Mælikvarði: Fjöldi þátttakenda í verkefninu.

Ábyrgðaraðilar: Forstöðumaður Íþróttamála, forstöðumaður tómsundamála og Félag eldri borgara á Akureyri

Kostnaður: Enginn aukakostnaður á árinu 2021 vegna undirbúnings verknisins (vegna styrks frá ríkinu). Athuga hvort hægt verður að sækja um styrki fyrir verkefninu. Áætlaður kostnaður er 16 milljónir á árinu 2022.

Hvað: Hreystitæki fyrir fullorðna.

Hvernig: Sett verði upp á tveimur stöðum í bænum hreystitæki. Byrjað verði á a.m.k. þremur tækjum á hvorum stað eða samtals sex tæki.

Hvenær: Sumarið 2022

Mælikvarði: Að hreyfitækin verði komin í notkun haustið 2022

Ábyrgðaraðilar: Umhverfis- og mannvirkjasvið.

Samstarfsaðilar: EBAK og öldungaráð

Kostnaður: 3,5 -5 milljónir

Hvað: Upplýsingar um framboð á heilsueflingu eldra fólks verði aðgengilegar á heimasíðu Akureyrarbæjar.

Hvernig: Tekið verði saman framboð heilsueflingar sem stendur til boða á vefsvæði Akureyrarbæjar, þar sem Akureyrarbær og einkaaðilar hafa tækifæri til að auglýsa hvað er í boði.

Hvenær: Sumarið 2022

Mælikvarði: Yfirfarið tvisvar sinnum á ári

Ábyrgðaraðilar: Forstöðumaður tómsundamála

Samstarfsaðilar: Vefstjóri heimasíðu Akureyrarbæjar, forstöðumaður íþróttamála auk vefstjóra

Kostnaður: Enginn útlagður kostnaður

Hvað: Félagsleg og andleg heilsuefling

Hvernig: Boðið verði upp á kynningar, dagskrár og heimsóknir og ferðir á söfn á Akureyri í samvinnu við félagsmiðstöðvar og Félag eldri borgara.

Hvenær: Fyrstu viðburðir verði fyrir lok árs 2021

Mælikvarði: Fjórir viðburði á ári

Ábyrgðaraðilar: Forstöðumaður tómsundamála í samvinnu við forstöðumenn safna.

Kostnaður: Enginn fyrirsjáanlegur kostnaður

Hvað: Betri næring fyrir eldra fólk.

Hvernig: Innihaldslýsingar verði fyrir alla matseðla þar sem merktir verði þekktir ofnæmisvaldar á heimsendum mat og þeim mat sem boðið er upp á í félagsmiðstöðvum. Boðið verði upp á fræðslu um næringu eldra fólks.

Hvenær: Janúar 2022

Mælikvarði: Innihaldslýsingar verði á matseðlum og fræðsla um næringu eldri fólks verði haldin endurgjaldslaust einu sinni til tvisvar á ári.

Ábyrgðaraðilar: Forstöðumaður í heimaþjónustu og forstöðumaður tómstundamála

Kostnaður: Enginn fyrirsjáanlegur kostnaður en gæti leitt til óbeins kostnaðar

Hvað: Hádegismatur í félagsmiðstöðvum verði betur auglýstur og kannaðir möguleikar á að draga úr kostnaði.

Hvernig: Vakin verði athygli á að hægt sé að kaupa sér mat í félagsmiðstöðvum. Farið verði í auglýsingaáttak á netmiðlum, heimasíðu og í bæklingnum. Skoðað verði að fara í stærra sameiginlegt útboð þannig að hægt sé að lækka verð til neytenda.

Hvenær: Janúar 2022

Mælikvarði: Fjöldi þeirra sem mæta í mat í hádeginu í Sölku og Birtu

Ábyrgðaraðilar: Forstöðumaður tómstundamála

Samstarfsaðilar: Fjársýslusvið og velferðarsvið

Kostnaður: Enginn útlagður kostnaður

Hvað: Markvisst verði tekið á móti nýjum gestum félagsmiðstöðvanna með aukinni fræðslu.

Hvernig: Unnið verði eftir verklagi við móttöku nýrra gesta þar sem beitt verði jafningjafraeðslu og jafningjastuðningi. Sér tími í hverri viku þar sem nýliðar eigi kost á að fá fræðslu um starfsemina. Auglýst verði sérstaklega í dagskránni tvisvar sinnum á ári kynning fyrir nýja gesti með það að markmiði að auka virkni og rjúfa einangrun.

Hvenær: Verkefni hafið fyrir lok árs 2021

Mælikvarði: Aukin þátttaka í félagsmiðstöðvum fólksins

Ábyrgðaraðilar: Forstöðumaður tómstundamála

Kostnaður: 100.000 kr.

Hvað: Endurbætur á heimsíðu Akureyrarbæjar www.akureyri.is

Hvernig: Haldið verði áfram endurbótum og undirsíður um þjónustu við aldraða gerðar skilmerkilegri og myndrænni.

Hvenær: Frá og með hausti 2021

Mælikvarði: Hlutfall undirsíðna sem hefur verið lagfærður og myndskreyttur

Ábyrgðaraðilar: Vefstjóri og viðkomandi sviðsstjórar

Samstarfsaðilar: Forstöðumenn í samvinnu við öldungaráð.

Kostnaður: Enginn útlagður kostnaður

Hvað: Upplýsingar um þjónustu við eldra fólk verði hægt að fá á einum stað.

Hvernig: Allar upplýsingar verði hægt að nálgast í þjónustuanddyri og í einu símanúmeri.

Hvenær: Fyrir desember 2021 ?

Mælikvarði: Þjónustan metin í samstarfi við öldungaráð

Ábyrgðaraðilar: Sviðsstjóri þjónustu-og skipulagssviðs

Samstarfsaðilar: Aðrir sviðsstjórar

Kostnaður: Enginn útlagður kostnaður

Hvað: Upplýsingablöð .

Hvernig: Upplýsingablöð fyrir eldri borgara verði gefin út.

Hvenær: Vor 2022

Mælikvarði: Farið verði yfir útgáfu blaðanna 1x á ári

Ábyrgðaraðilar: Sviðsstjóri velferðarsviðs í samráði við öldungaráð

Kostnaður: 200.000 kr.

Hvað: Heilsuefling í heimaþjónustu.

Hvernig: Fagmaður verði ráðinn inn í heimaþjónustu til að sjá um heilsueflingu fyrir eldra fólk sem býr heima og kemst ekki til að sækja almennt félagsstarf og heilsueflingu.

Hvenær: Frá og með hausti 2022

Ábyrgðaraðilar: Forstöðumaður heimaþjónustu A

Kostnaður: 2.000.000 kr.

Eftir í næsta áfanga:

Heimaþjónusta og samhæfing við aðra þjónustu

Húsnæðismál og búseta eldra fólks (þar með talin skipulagsmál)

Samgöngur – strætó, ferliþjónusta, frístundaakstur

Verðlagning þjónustu

(Upplýsingasöfnun og kannanir)